

Libia Castro og Ólafur Ólafsson sýna fyrir Íslands hönd á Fenejvatváringnum 2011

Spænsk-íslenska listamannatvíeykið **Libia Castro og Ólafur Ólafsson** hefur verið valið til að sýna fyrir Íslands hönd á Fenejvatváringnum, **La Biennale di Venezia 2011**.

Verk þeirra einkennast af opnum og gagnrýnum vinnubrögðum þar sem listamennirnir takast á við spurningar úr samtímanum, greina þær og setja fram í listrænni útfærslu. Þau fást einkum við þær breytingar sem orðið hafa á samfélögum í kjölfar vaxandi alþjóðavæðingar og menningarlegrar blöndunar, og þau flóknu tengsl sem af þessu spretta. Í verkunum sameinast greining og tilfinningaleg nálgun á einkar áhrifaríkan hátt.

Libia Castro fæddist í Madrid 1969 en Ólafur Ólafsson í Reykjavík 1973. Þau búa í Rotterdam og Berlín og er því óhætt að segja að þau séu listamenn margra landa. Þau kynntust í Hollandi árið 1997 og hafa starfað saman síðan. Strax í upphafi vöktu samstarfsverkefni þeirra athygli í Hollandi og á Íslandi og bráðlega víðar um heim og árið 2009 hlutu þau þriðju verðlaun hinna virtu hollensku myndlistarverðlauna Prix de Rome. Verk þeirra hafa myndað öfluga heild og þau hafa þróað með sér sína sérstöku hugmyndalegu nálgun þar sem leikur, ögrun og hugmyndaauðgi fara saman og byggir oft á yfirgripsmikilli rannsókn, hvert sem viðfangsefnið kann að vera hverju sinni.

„Þau eru næm fyrir umhverfinu og breytingum, fyrir þeim átökum og mótsögnum sem krefjast sífelldrar endurskoðunar. Libia Castro og Ólafur Ólafsson líta á myndlist sem aðferð til að kveikja og safna vitnisburði sem gerir okkur kleift að skilja aðstæður á tilteknum stöðum, einkenni þeirra og karakter, og það líf sem fólk lifir í kringum okkur“, eins og Gabi Scardi, sýningarstjóri hjá Maxxi samtímalistasafninu í Róm, ritaði í nýlegri grein. Á flestum sýningum sínum sökkva Libia og Ólafur sér djúpt ofan í viðfangsefni sitt og taka áhorfendur með sér. Í hljóðverkinu *3. Kafli: Peningahávaðinn*, sem þau sýndu í Listasafni ASÍ á Listahátíð í Reykjavík 2005, skoða þau breytingar sem orðið höfðu á íslensku samfélagi í kjölfarið á alþjóðavæðingu undanfarinna ára og aðkomu erlendra verkamanna að hefðbundnum greinum. Þau einbeittu sér að frystihúsunum sem svo lengi höfðu verið hjartað í íslensku hagkerfi en voru þá að víkja fyrir áherslum á fjármálaþjónustu og fjárfestingarstarfsemi. Verkið var einn stór hljóðskúlptúr þar sem hávaðinn úr frystihúsinu drundi úr hátölurum um allt listasafnið, frá kjallara upp á svalir og á baðherbergjum og í eldhúsinu. Úr varð ferðalag um fiskiðjuverið innan veggja safnsins, allt fyrir áhrif hljóðverkanna. Út úr safninu lágu síðan snúrur í heyrnartól sem hengd voru í trén í garðinum fyrir utan og þar gátu gestir hlustað á frásagnir fólks, bæði aldraðra Íslendinga og útlendinga sem hingað höfðu fluttst. Áhrifamáttur verksins fólst ekki síst í þessu sláandi samspili hávaðans inni og nálægðarinnar sem skynja mátti með því að hlusta á fólkíð segja sína persónulegu sögu beint í eyru safngestanna þar sem þeir stóðu undir trjánnum fyrir utan.

Árið 2007 var haldin umfangsmikil sýning á verkum Libiu og Ólafs í Samtímalistasafninu í Málaga (CAC Málaga) og í meðfylgjandi sýningarskrá skrifaði forstöðumaður safnsins, Fernando Francés, meðal annars: „Með verkum sínum leitast listamennirnir við að færa áhorfandann inn á ný svið og fá þá til að hugsa á gagnrýninn hátt um ýmislegt sem alla jafna er tekið sem sjálfsögðum hlut. Flutningar fólks milli landa, farandverkamenn og árstíðabundnar atvinnugreinar, menningarmunur milli hópa og heimur vinnunnar á tímum alþjóðavæðingar – þetta eru viðfangsefni sem þetta listamannatvíeyki tekst á við og [...] endurspeglar veröld samtímans, bæði hinar björtu hliðar og þær dökku.“

Á stóra evrópska farandstívaeringnum Manifesta 7 árið 2008 sýndu Libia og Ólafur myndbandsverkið *Caregivers* sem vakti mikla athygli. Sama haust opnuðu þau sýninguna *Allir gera það sem þeir geta* í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu. Þar notuðu þau stærsta sýningarsalinn sem bæði framleiðsluver og sýningarsal með mörgum skjáum og myndvörpum til að sýna myndbandsportrett, af fólki af öllum stigum samfélagsins, sem þau unnu í rýminu meðan á sýningunni stóð. Við uppptökurnar beittu Libia og Ólafur jafnframt ýmsum aðferðum til að gera tilraunir með sjónræna útfærslu portrettanna – m.a. reykvél, lituðum ljósum, stróbóskóp, konfetti, sængurverum o.fl. Þannig settu þau spurningu við hugmyndir okkar um hlutlaus viðtöl og sköpuðu í staðinn dáleiðandi innsetningu sem breyttist og þróaðist áfram á hverjum degi: Rými fyrir hugleiðingar og árgeining.

Líkt og þau gerðu á sýningunni í Hafnarhúsinu, vinna Libia og Ólafur nær alltaf með viðfangsefni úr nánasta umhverfi – aðstæður á þeim stað þar sem þau sýna hvert sinn. Þau hafa efnt til samstarfs við framkvæmdarstjóra og ráðherra, sem og heimilisláusa, aðgerðarsinna, spunameistara og spákonu. Þau hafa unnið á götum Istanbul, inni á skrifstofum Evrópusambandsins og í neðanjarðargöngum Napólíborgar. Þau nota listasöfn og gallerí, en líka útvarp, dagblöð, sjónvarp eða opinbert rými til að koma verkum sínum til áhorfenda og brúa bilið milli myndlistarumhverfisins og hins félagslega og pólitíska rýmis.

„Með valinu á Libiu Castro og Ólafi Ólafssyni er teflt fram í íslenska skálanum í Feneyjum 2011 listamannateymi sem hefur byggt upp afar sterka röð sýninga á undanförunum árum og þróað með sér persónulega og grípandi nálgun sem vekur athygli í heimi samtímalistarinnar“, segir Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, og sá sem hafði veg og vanda af þátttöku Íslendinga í tvívaeringnum árin 2007 og 2009. „Ég er mjög spenntur að fylgjast með því hvernig þau beita sinni þver-menningarlegu nálgun í útfærslu á sýningunni á Feneyjatvívaeringnum 2011. Þau eru verðugir fulltrúar íslenskrar samtímalistar, listamenn sem starfa í fremstu víglínu og beita gagnrýnni félagslegri greiningu sem á brýnt erindi við okkur.“

Íslenskir listamenn voru fyrst kynnti á Feneyjatvívaeringinn árið 1960. Nú síðustu ár hafa fulltrúar Íslands verið Ragnar Kjartansson 2009, Steingrímur Eyfjörð 2007, Gabriela Friðriksdóttir 2005, Rúrí 2003 og Finnogi Pétursson 2001 – allt listamenn sem sýna víða um heim og eru þekktir af list sinni bæði hér heima og erlendis. Þar til árið 2005 sýndu Íslendingarnir oftast í litlum skála sem finnski arkitektinn Alvar Aalto hannaði og var byggður árið 1956 í Giardini di Castelli, gördunum þar sem meginhluti tvívaeringsins hefur verið settur upp frá því á nítjándu öld. Árið 2007 og 2009 voru íslensku sýningarnar hins vegar settar upp í Palazzo Michiel dal Brusà, gömlu og mikilfenglegu húsi við stærsta síkið í miðju borgarinnar. Þetta endurspeglar þá tilhneigingu hin síðari ár að fleiri og fleiri sýningin eru haldnar utan garðanna, enda hefur viðburðurinn vaxið mjög á síðustu árum og sífellt fleiri þjóðir senda fulltrúa sína til Feneyja annað hvert ár. Enn hefur ekki verið tilkynnt hvar sýning Libiu Castros og Ólafs Ólafssonar verður haldin. (Meiri upplýsingar um þátttöku Íslendinga í Feneyjatvívaeringnum gegnum árin má lesa á vef Kynningarmiðstöðvarinnar: www.cia.is/venice/history.htm)

Valið á fulltrúum Íslands á Feneyjatvívaeringinn er í höndum nefndar sem í voru að þessu sinni Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, og listakonan Rúrí sem sjálf sýndi í Feneyjum fyrir Íslands hönd árið 2003. Tveir ráðgjafar voru kallaðir til aðstoðar við nefndina, þau Gunnar J. Árnason, myndlistargagnrýnandi og kennari við Listaháskóla Íslands, og Birta Guðjónsdóttir, listamaður, sýningarstjóri og formaður stjórnar Nýlistasafnsins. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur umsjón með verkefninu og nýtur til þess styrks frá menntamálaráðuneyti.

Til að nálgast frekari upplýsingar má fara á vef Kynningarmiðstöðvarinnar www.cia.is/venice eða hafa samband í tölvupósti: info@cia.is